

*Alþingi**Erindi nr. Þ 121 / 1580*

15. apríl 1997

komudagur 16 / 4 1997

Til iðnaðarnefndar Alþingis

Frá Þjóðhagsstofnun

Efni: Stóriðja og efnahagshorfur

Í framhaldi af fundi í gær um áhrif Norðuráls og stækkunar á verksmiðju Íslenska járnblendifélagsins á efnahagslífið fylgir hér með yfirlit um þjóðhagslegan sparnað í aðildarríkjum OECD sem hlutfall af landsframleiðslu. Þar kemur fram að sparnaðurinn er minni hér á landi á árinu 1995 en í öllum öðrum OECD ríkjum að Bretlandi undanskildu. Sparnaðurinn jókst á árunum 1993 og 1994 en frá þeim tíma hefur hann farið lækkandi. Á þessu ári stefnir umrætt sparnaðarhlutfall í 15,3%. Til þess að stuðla að viðunandi jafnvægi á viðskiptajöfnuði þegar til lengri tíma er litið væri æskilegt að auka þjóðhagslegan sparnað hér á landi með það fyrir augum að hlutfall hans af landsframleiðslu færi í áföngum í 17-18% að lágmarki.

Eins og fram kom á fundinum birtir Þjóðhagsstofnun ritið *Þjóðarbúskapurinn* í dag eða á morgun. Þar er fjallað um efnahagshorfur í ljósi stóriðjuáforma og nýgerðra kjarasamninga. Mikilvægasta breytingin frá fyrri greinargerðum stofnunarinnar um þetta efni felst í því að þjóðarútgjöldin eru talin aukast meira en áður var gert ráð fyrir vegna kjarasamninganna og skattaráðstafana í tengslum við þá. Fyrir vikið er viðskiptahalli og verðbólga meiri en í fyrri áætlunum.

Þjóðhagslegur sparnaður

Hlutfall af landsframleiðslu

	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995
Bandaríkin	16,1	16,6	16,6	15,6	15,7	14,6	14,9	16,2	15,9
Japan	32,5	33,4	33,6	33,6	34,5	33,8	32,7	31,4	30,8
Þýskaland	22,1	22,9	24,3	24,1	22,4	21,9	20,5	21,2	21,4
Frakkland	20,0	21,1	21,8	21,5	21,0	19,8	18,2	19,0	19,7
Ítalía	20,9	20,7	20,0	19,5	18,5	17,1	17,9	18,6	20,5
Bretland	16,0	15,5	15,4	14,4	13,6	12,8	12,5	13,5	13,9
Kanada	19,0	20,6	19,4	16,4	14,3	13,2	13,7	15,4	17,1
Austurríki	23,8	24,5	25,2	26,3	26,0	25,3	24,3	25,3	24,9
Ástralía	20,9	22,3	20,7	17,7	15,5	15,7	16,9	16,7	16,9
Belgía	17,2	19,5	20,9	21,1	20,6	20,9	21,5	21,7	22,6
Danmörk	16,1	16,6	16,9	17,8	17,5	17,7	17,1	16,5	17,8
Finnland	22,1	24,0	24,8	23,0	15,1	12,1	13,0	17,0	19,7
Grikkland	14,5	17,3	15,9	13,8	15,2	15,3	15,5	15,7	
Holland	22,6	24,2	26,1	26,0	24,8	23,7	23,4	24,5	24,6
Írland	16,3	15,9	16,7	20,1	20,8	18,2	19,1	17,4	19,5
Ísland	15,2	15,0	15,0	15,8	14,2	14,3	15,8	17,1	15,8
Mexíkó	24,5	21,3	20,3	20,3	18,7	16,6	15,1	15,0	19,5
Noregur	23,4	22,7	24,6	24,1	23,6	21,0	21,9		
Nýja-Sjáland	17,9	17,8	15,6	14,0	13,7	16,4	18,6	18,3	18,4
Portúgal	27,8	26,6	27,3	25,9	22,7	21,4	20,3	20,6	21,6
Spánn	21,6	22,6	21,9	21,7	21,0	19,0	18,9	18,7	21,5
Sviss	31,7	32,8	33,7	33,1	31,6	29,7	29,6	29,2	30,1
Svíþjóð	18,2	18,8	19,2	17,7	15,8	13,4	11,9	13,6	16,6
Tyrkland	24,3	28,9	26,4	21,5	17,7	18,5	18,7	18,9	19,7
OECD samtals	20,8	21,4	21,4	20,7	20,2	19,2			
ESB	20,2	20,8	21,2	20,8	19,7	18,7			

Heimild: OECD.